

FUNDARGERÐ

543. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 25. febrúar 2016 kl. 15:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og óskaði eftir að eftirfarandi erindi yrði bætt á dagskrána:

1. Undirgöng undir Þjóðveg 1 verður liður II – 7 á dagskránni.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna

Gerðir fundarins

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 220. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps frá 9. febrúar 2016

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Ingi Már Björnsson vék af fundi undir umræðum um lið 3 í fundargerðinni. IMB mætir aftur til fundarins.

2. Fundargerð 234. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 12. febrúar 2016

1. Austurhluti Víkur – Deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi svæðisins
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2. Hvamból – Gistihús – Umsókn vegna byggingaráforma

Áformað er að byggja fjögurra herbergja gistihús á lóð við Hvamból
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

3. Sunnubraut 26 – íbúðarhús – umsókn um byggingarleyfi

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta Þráni Ársælssyni umbeðinni lóð við Sunnubraut 26 og staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

4. Stöðuleyfisumsókn – Gísli Daníel

Sótt er um stöðuleyfi fyrir bráðabirgðahúsnæði á bílastæðinu við Þýska minningarsteininn í 3 mánuði í sumar. Þráinn Sigurðsson vék af fundi undir lið 4 í fundargerðinni.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. ÞS mætir aftur til fundarins.

3. Fundargerð 235. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 22. febrúar 2016

1. Austurhluti Víkur – Deiliskipulag

Fram var lögð breyting á greinargerð með deiliskipulaginu. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir að tillagan að deiliskipulaginu með breyttri greinargerð verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Þórisholt - Umsókn um stofnun lóðar

Sótt er um stofnun lóðar undir Þjónustuhús- starfsmannahús.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

3. Þórisholt - Umsókn um byggingarleyfi

Sótt er um byggingarleyfi fyrir starfsmannahúsi
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

4. Tjaldsvæði – Klettur

Sótt er um heimild til að fella klettinn sem stendur á bak við Höttinn sem rifinn var fyrir skemmstu vegna endurbyggingar og stækkunar.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Þjónustukort Rangárþings og Mýrdals

Fram var lagt erindi frá markaðs- og kynningarfulltrúa Rangárþings eystra þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins til útgáfu á þjónustukorti Rangárþings og Mýrdals sem gefið hefur verið út árlega undanfarin ár.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fellst á þátttöku í verkefninu að þessu sinni, en mun framvegis einbeita sér að útgáfu slíks efnis innan Jarðvangsins.

2. Erindi frá umboðsmanni barna - Niðurskurður hjá sveitarfélögum dags. 4. febrúar 2016

Lagt fram til kynningar. Af þessu tilefni tekur sveitarstjórn Mýrdalshrepps fram að enginn niðurskurður hefur verið á þjónustu barna í sveitarfélaginu.

3. Erindi frá Hörpu Jóhannesdóttur um fjallskil í Vestur-Skaftafellssýslu dags. 8. febrúar 2016

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps leggur áherslu á að unnið sé að fjallskilum í samræmi við Fjallskilasamþykkt Vestur- Skaftafellssýslu. Framkvæmd fjallskila er í höndum fjallskilanefnda og vísar sveitarstjórn erindi Hörpu til umfjöllunar á þeim vettvangi.

4. Ályktun Heimilis og skóla um niðurskurð í skólum frá 11. febrúar 2016

Lagt fram til kynningar. Af þessu tilefni tekur sveitarstjórn Mýrdalshrepps fram að enginn niðurskurður hefur átt sér stað í leik- og grunnskólum í sveitarfélaginu.

5. Ályktun Sambands íslenskra sveitarfélaga um stöðu mála varðandi hjúkrunarheimilin í landinu

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fagnar stuðningi og aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga við að þrýsta á ríkisvaldið um úrbætur í rekstrarumhverfi hjúkrunar- og dvalarheimila landsins.

6. Erindi frá sjónvarpsstöðinni N4 dags 19.12. 2016

Farið er fram á áframhaldandi samstarf við sjónvarpsstöðina N4 um gerð þáttanna „Að sunnan“. Stefnt er að gerð 36 þátta sem væru sendir út frá apríl 2016 til apríl 2017 og að hvert sveitarfélag greiddi sem svarar 500.000 á þessu ári og 250.000 á árinu 2017. Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með samstarfið við N4 og samþykkir að leggja fram kr. 250.000 til þessa verkefnis í ár. Þátttöku í verkefninu á næsta ári vísað til gerðar fjárhagsáætlunar þess árs.

7. Undirgöng undir þjóðveg 1 til að bæta öryggi vegfarenda.

M-listinn leggur til að gert verði ráð fyrir undirgöngum við þjóðveg 1 í námunda við hús nr. 10 við Austurveg, austan við afleggjara að raðhúsum og Icelandair hótelinu og svo aftur gönguleið í gegnum ræsi sem liggur undir þjóðvegi 1 í námunda við Ársali, skv. meðf. skissu. Samþykkt að vísa erindinu til skipulags- og byggingarnefndar.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Niðurfelling fasteignagjalds af lóð sem var skilað

Samþykkt var s.l. haust að taka aftur við lóðinni, en þar sem ekki hefur enn verið gengið frá breyttri skráningu var lagt fasteignagjald á eignina 2016.

Sveitarstjórn samþykkir niðurfellinguna

2. Mýrdalshreppur skýrsla til sveitarstjóra stjórnsluskoðun 2015

Lagt fram til kynningar

3. Fundur með innanríkisráðuneytinu og vegamálastjóra vegna sjóvarnar

Fram var lagt til kynningar bréf til innanríkisráðherra sem afhent var á fundi með fulltrúum ráðuneytisins og vegamálastjóra þann 12. febrúar s.l. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir umræðum og niðurstöðu fundarins.

4. Minnisblað frá fundi Sambandsins um opinber fjármál 18. febrúar 2016

Sveitarstjóri lagði fram til upplýsinga minnisblað frá fundi á vegum Sambandsins um opinber fjármál.

5. Fjárhagsstaðan í febrúar

Sveitarstjóri lagði fram til kynningar og fór yfir ákveðið form að rekstraryfirliti sem ætlunin er að fara yfir reglulega á fundum sveitarstjórnar.

6. Minnisblað sveitarstjóra um húsnæðismálin

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað um stöðu málsins eftir viðræður sveitarstjóra nágrannasveitarfélaga og félags- og húsnæðismálaráðherra og skrifstofustjóra í Velferðarráðuneytinu. Sveitarstjórn samþykkir þiggja boð ráðherra um að mæta á fund til Víkur og fara yfir málin með sveitarstjórnarmönnum og öðrum hagsmunaaðilum.

7. Tillaga um breytingar á nefndarskipan B- lista

- Aðalmaður í fræðslunefnd Kjartan Ægir Kristinsson
- Varamaður í fræðslunefnd Karl Pálmason
- Formaður menningarmálanefndar verður Þórdís Erla Ólafsdóttir
- Formaður atvinnumálanefndar Elías Guðmundsson
- Aðalmaður í atvinnumálanefnd verður Árni Oddsteinsson
- Varamaður í atvinnumálanefnd verður Elín Einarsdóttir
- Varamaður í íþrótt- og tómstundanevnd Gísli Steinar Jóhannesson

8. Heilsugæslustöðin í Vík - ósk um fund

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps telur að efla þurfi heilsugæslustöðina í Vík. Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands til að fara yfir málefni heilsugæslustöðvarinnar.

9. Ungmennaráð Mýrdalshrepps - tillaga frá M- lista

Fram var lögð tillaga um að stofnað verði ungmennaráð sem í eigi sæti ungt fólk á aldrinum 14 – 25 ára. Ungmennaráðum er ætlað að vera sveitarfélögum til ráðgjafar um málefni ungs fólks. Lagt er til að Ungmennafélagi Katla haldi utan um ungmennaráðið og að sveitarfélagið leggi til aukíð fjármagn til Ungmennafélagsins á móti.

Sveitarstjórn tekur vel í framkomna tillögu sem reyndar hefur verið áður samþykkt í sveitarstjórn í nóvember 2011 og vísa tillögunni á ný til íþrótt- og tómstundaráðs til afgreiðslu. Sveitarstjórn samþykkir að vísa framkominni tillögu á ný til íþrótt- og tómstundanevndar til umfjöllunar.

Sveitarstjórn fer framá að nefndin fari yfir fyrirliggjandi drög að samþykktum fyrir ungmennaráð og leggi fram tillögu um skipulag og starfsemi ráðsins og geri grein fyrir áætluðum kostnaði við starfsemi þess.

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson óskar bókað. Mýrdalshreppur leitist eftir samstarfi við Skaftárhrepp og USVS um að koma á einu öflugu ungmennaráði í Vestur- Skaftafellssýslu. Leitast verið eftir því að USVS hafi umsjón með þessu ungmennaráði þar sem þeir eru nú þegar með starfsmann á sínum vegum sem er að vinna að málefnum ungmenna fyrir alla sýsluna.

10. Snjómokstur í Mýrdalshreppi - tillaga frá M- lista

Fram var lögð tillaga í þremur liðum um snjómokstur í sveitarfélaginu:

a) Sveitarstjórn fari fram á það við Vegagerðina að endurmetin verði þjónustupörf á ferðamannavegum með mikilli umferð.

Meirihluti sveitarstjórnar Mýrdalshrepps bendir á að forsvarsmenn sveitarfélagsins eru í stöðugum samskiptum við Vegagerðina um snjómokstur á vegum í sveitarfélaginu. Haldinn var fundur með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar í haust þar sem þessi mál voru rædd og ítrekaðar óskir um aukna þjónustu. Meirihluti sveitarstjórnar bendir á að fyrir þrýsting sveitarstjórnar fékkst það í gegn í upphafi síðasta árs að þjónusta á þjóðvegi 1 yrði færð upp um flokk og að hér yrði viðurkennt að um Reynisfjall færu að meðaltali yfir 500 bílar á dag. Svör Vegagerðarinnar við beiðni um aukna þjónustu hafa að jafnaði verið þau að ekki sé til fjármagn í aukinn snjómokstur á vegum landsins. Þó fékkst það í gegn í haust að hreinsað er niður í Reynisfjöru í stað þess að fara aðeins að kirkjunni í Reynishverfi.

b) Lagt er til að sveitarstjórn móti sér skýra stefnu í snjómokstri utan þéttbýlisins.

Meirihluti sveitarstjórnar bendir á að stefnan varðandi snjómokstur utan þéttbýlisins er skýr. Sveitarfélagið sér ekki um að mokstur á þjóðvegum, tengivegum eða héraðsvegum og molar ekki heimreiðar að sveitarbæjum. Reynt hefur verið eftir megni í samstarfi við Vegagerðina að sjá til þess að sæmilega sé greiðfært um sveitarfélagið.

c) Lagt er til að rætt verði við landeigendur um að byggður verði upp vegur að flugvélagflakinu á Sólheimasandi.

Meirihluti sveitarstjórnar sér ekki ástæðu til þess að óska eftir því við landeigendur á þessu svæði um að ráðast í vegagerð að flugvélagflakinu á Sólheimasandi og því síður áformar sveitarstjórn Mýrdalshrepps að ráðast í slíka vegagerð.

Sveitarstjórnarmennirnir ETÁ, EE, ÞS og IMB samþykkja framanskráða afgreiðslu. EDP situr hjá við þá afgreiðslu.

M-listinn er ekki að gagnrýna sveitarstjóra eða meirihluta sveitarstjórnar í þessum málum að eins að vekja athygli á sívaxandi þörf á þjónustu vegna vaxandi umferðar og breytinga á atvinnuháttum.

11. Sveitarstjórnarfundir teknir upp - tillaga frá M-lista

Fram var lögð tillaga um að sveitarstjórnarfundirnir yrðu teknir upp bæði hljóð og myndupptaka og sýnd beint á netinu og þær síðan hafðar sýnilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Meirihluti sveitarstjórnar leggst gegn framkominni tillögu þar sem hún yrði bæði til þess að breyta verulega fundum sveitarstjórnar og hefði verulega kostnað í för með sér. Þessi tillaga hefur áður verið lögð fram í sveitarstjórn og felld. Tillaga M- listans borin upp og hún felld með þremur atkvæðum EE, IMB og ÞS.

12. Tartan á íþróttavelli - fyrirspurn frá M-lista

Lögð er fram fyrirspurn um það hvort búið sé að meta ástand tartans á íþróttavellinum í Vík og kostnaðarmeta hreinsun á því þannig að það sé í viðunandi ástandi.

Svarið við fyrirspurninni er að það hefur ekki verið gert.

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson óskar bókað: Strax á vordögum verði hafist handa við hreinsun og merkingu á íþróttavellinum þar sem hann liggur undir skemmdum og er orðin slysaöldra.

Núverandi ástand er okkur til skammar og vanvirðing við það fólk sem lagði á sig ómælda sjálfboðavinnu við uppbyggingu vallarins árið 2005.

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð 504. fundar stjórnar SASS frá 15. janúar 2016

Lagt fram til kynningar

2. **Fundargerð 169. fundar stjórnar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 22. janúar 2016**
Lagt fram til kynningar
3. **Fundargerð 25. fundar stjórnar Kötlu Jarðvangs frá 2. febrúar 2016**
Lagt fram til kynningar
4. **Fundargerð 505. fundar stjórnar SASS frá 5. febrúar 2016**
Lagt fram til kynningar
5. **Fundargerð 31. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 22. febrúar 2016**
Lagt fram til kynningar

V. Kynningarefni.

Engin málefni lög fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.30

Elín Einarsdóttir oddviti

Ingi Már Björnsson

Þráinn Sigurðsson

Eva Dögg Þorsteinsdóttir

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson